

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 145/2013

2013/EES/72/13

frá 15. júlí 2013

## um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 245/2013 frá 19. mars 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 272/2009 að því er varðar skimun vökva, úðaefna og gels á flugvöllum í Evrópusambandinu <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 246/2013 frá 19. mars 2013 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 185/2010 að því er varðar skimun vökva, úðaefna og gels á flugvöllum í Evrópusambandinu <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/1587/ESB frá 19. mars 2013 um breytingu á ákvörðun C(2010) 774 að því er varðar skimun vökva, úðaefna og gels á flugvöllum í Evrópusambandinu.
- 4) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

## 1. gr.

Ákvæði XIII. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 66ha (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 272/2009):  
„– **32013 R 0245**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 245/2013 frá 19. mars 2013 (Stjtið. ESB L 77, 20.3.2013, bls. 5).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 66he (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 185/2010):  
„– **32013 R 0246**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 246/2013 frá 19. mars 2013 (Stjtið. ESB L 77, 20.3.2013, bls. 8).“
3. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 66hf (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2010) 774 lokaútg.):  
„– **32013 D 1587**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/1587/ESB frá 19. mars 2013 um breytingu á ákvörðun C(2010) 774 að því er varðar skimun vökva, úðaefna og gels á flugvöllum í Evrópusambandinu.“

## 2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 245/2013 og (ESB) nr. 246/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

## 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. júlí 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 77, 20.3.2013, bls. 5.

(<sup>2</sup>) Stjtið. ESB L 77, 20.3.2013, bls. 8.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. júlí 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Pórir Ibsen**

formaður.